

Stjórn Úrvinnslusjóðs

360. stjórnarfundur, fimmdaginn 27. júní 2027 kl. 8:30 – 9:05

Teams

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar

B. Til samþykktar (75 mín)

- Tillögur til stjórnar um lagabreytingar, frh. frá síðasta fundi (60 mín)
 - Samningsheimildir Úrvinnslusjóðs og heimildir til upplýsinga frá Skattinum
 - Breytingar á viðaukum
 - Breytingar á úrvinnslugjaldi fyrir haustið 2024
- Öryggisúttekt á kerfum Úrvinnslusjóðs (15 mín)

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir stöðu mála (15 mín)

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),

Benedikt S. Benediktsson (BSB),

Birta Sif Arnardóttir (BSA),

Hildur Hauksdóttir (HH),

Jón Viggó Gunnarsson (JVG),

Lárus M.K. Ólafsson (LÓ),

Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),

Guðlaugur Gylfi Sverrisson (GS) ritaði fundargerð

Gunnlaug H. Einarsdóttir, sérfræðingur (GHE)

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Tillögur um lagabreytingar

- Samningsheimildir Úrvinnslusjóðs:** Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur með fyrirvara um yfirlestur og útfærslu á lagatæknilegum atriðum breytinganna.
 - Breytingar á viðaukum:** Stjórn samþykkir framlagðar breytingar á viðaukum.
 - Breytingar á úrvinnslugjaldi fyrir haustið 2024:** Stjórn samþykkir framlagðar breytingar á úrvinnslugjaldi á öllum vöruflokkum.
- Öryggisúttekt á kerfum Úrvinnslusjóðs:** Stjórn samþykkir að láta gera öryggisúttekt á tölvukerfum Úrvinnslusjóðs.

DAGSKRÁ

A. Til kynningar:

Engin mál til kynningar

B. Til samþykktar:

1. Tillögur til stjórnar um lagabreytingar

- Samningsheimildir Úrvinnslusjóðs og heimildir til upplýsinga frá Skattinum. Framhald umræðu frá síðasta fundi. KMM fer yfir helstu atriði. Huga þarf að lagatæknilegri útfærslu vilja stjórnar um auknar samningsheimildir. Þá er farið yfir að breytingartillagan hefur hvorki áhrif á staðfestingu ráðherra né umsögn Umhverfisstofnunar. Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögur með fyrirvara um lagatæknilega útfærslu.
- Breytingar á viðaukum
Framhald umræðu frá síðasta stjórnarfundum. Stjórn samþykkir framlagðar breytingar á viðaukum.
- Breytingar á úrvinnslugjaldi fyrir haustið 2024
Framhald umræðu frá síðasta fundi. Stjórn ræddi sérstaklega um breytingar á úrvinnslugjaldi á viðarbrettum, raftækjum og drifrafhlöðum
Rætt var um kynningarmál er varðar raftækjaúrgang. SBJ fór yfir samþykkt kynningar- og fræðslumál ársins 2024. SBJ fór yfir stöðu á markaði með drifrafhlöður sem búið er að fjarlægja úr ökutækjum. Rætt var um breytingar sem orðið hafa á uppskiptingu viðauka XI í lögum um úrvinnslugjald. Stjórn samþykkir framlagðar breytingar á úrvinnslugjaldi á öllum vöruflokkum en leggur áherslu á að fylgjast þurfi vel með þróun sjóða m.t.t. markmiða. KMM bendir á að stjórn muni taka markmið vöruflokka og forsendur þeirra til umræðu í haust að lokinni undirbúningsvinnu sem er hafin.

2. Öryggisúttekt á kerfum Úrvinnslusjóðs

KMM fór yfir tillöguna sem hefur lauslega verið rædd áður um að Úrvinnslusjóður láti gera sérstaka öryggisúttekt á tölvukerfi Úrvinnslusjóðs. Stjórnarmenn ræddu stöðuna og lýstu áhyggjum sínum af hættunni á árás á tölvukerfi almennt.

Stjórn samþykkir að láta gera öryggisúttekt á tölvukerfi Úrvinnslusjóðs.

LM yfirgefur fund

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir helstu mál

Fundi slitið kl. 9:05

Næsti fundur verður ákveðinn síðar.